



Borgarráð

Umsögn vegna fyrirspurnar borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks varðandi bensínstöð að Kirkjustétt 2-6

Á fundi borgarráðs þann 1. júní sl. var lögð fram eftirfarandi fyrirspurn borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks varðandi bensínstöð við Kirkjustétt:

„Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins ítreka enn einu sinni ósk sína, upphaflega frá árinu 2012, um að fá lögfræðilegt álit á því hvort staðsetning bensínstöðvar við Kirkjustétt 2-6 í Grafarholti samræmist reglum ríkisins og Reykjavíkurborgar um bensínstöðvar, t.d. reglum Brunamálastofnunar um brunavarnir bensínstöðva. Í umræddum reglum segir m.a. að fjarlægð milli mannvirkja bensínstöðvar og byggingar, þar sem fólk vistast eða dvelur um lengri tíma, t.d. skóla, skuli að lágmarki vera tólf metrar. Einnig segir að bensínstöðvar beri að skipuleggja þannig að ekki skapist óþarfa umferð um afgreiðsluvæði þeirra en töluverð umferð skólabarna er um stöðina vegna nálægðar hennar við nærliggjandi skóla- og frístundastarf. Umrædd bensínstöð, sem reist var árið 2005, er skammt frá Ingunnarskóla, frístundaheimilinu Stjörnulandi og félagsmiðstöðinni Fókusi. Árum saman hafa foreldrar barna í Grafarholti gert athugasemdir við staðsetningu stöðvarinnar svo nærri fjölmennasta skóla hverfisins og m.a. kvartað yfir því að í ákveðnum vindáttum berist bensínfnykur inn í skólahúsnæðið. Furðu sætir að sjálfsgöð fyrirspurn sem þessi skuli hrakhraufast um borgarkerfið árum saman en það segir ákveðna sögu um vinnubrögð núverandi borgarstjórnarmeirihluta og áhugaleysi hans á málinu.“

Meðfylgjandi er úttekt sem EFLA verkfræðistofan gerði á ÓB bensínstöðinni við Kirkjustétt 2 -6, að beiðni skrifstofu eigna og atvinnuþróunar. Í úttektinni koma fram þau reglugerðarákvæði sem gilda um bensínstöðvar.

Bensínstöðin er staðsett á bílastæði verslunarmiðstöðvar. Ætla má að stöðin sem slík skapi óverulega aukna umferð, heldur er líklegra að viðskiptavinir bensínstöðvarinnar séu þar einnig í öðrum erindagjörðum í leiðinni. Í ljósi þessa er ekki ástæða til þess að mati skrifstofunnar að hefja samningaviðræður um færslu stöðvarinnar.

Jafnframt er meðfylgjandi umsögn Umhverfis- og skipulagssviðs við svipaðri fyrirspurn frá 2015 sem lögð var fram í skóla- og frístundaráði.

Hrólfur Jónsson

Hjálagt:

Minnisblað EFLU verkfræðistofu - Kirkjustétt 2-6 - Úttekt á brunavörnum bensínstöðvar, dags. 13.09.2017

Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dags. 11. maí 2015

MINNISBLAÐ

SKJALALYKILL

3336-937-MIN-001-V01

DAGS.

13.09.2017

SENDANDI

Böðvar Tómasson,
Elvar Ingi Jóhannesson

MÁLEFNI

Úttekt á brunavörnum bensínstöðvar

VERKHEITI

Kirkjustétt 2-6 – Úttekt á brunavörnum bensínstöðvar

VERKKAUPI

Reykjavíkurborg

DREIFING

Hrólfur Jónsson (Reykjavíkurborg)

1 Inngangur


Eftirfarandi minnisblað fjallar um brunavarnir bensínstöðvar ÓB við Kirkjustétt 2-6, Reykjavík. Um er að ræða sjálfsafgreiðslustöð með einni eldsneytisdælu með tveimur afgreiðsluhliðum, sem tekin var í notkun árið 2006.

Minnisblaðið er unnið skv. beiðni Hrólfssonar, skrifstofustjóra hjá Reykjavíkurborg í kjölfar fyrirspurnar borgarráðsfulltrúa þ. 1.6. 2017 (R15030097). Í minnisblaðinu er eingöngu tekin afstaða til þátta er varða brunavarnir og öryggismál.

2 Lýsing á aðstæðum

Teikningar af bensínstöðinni voru samþykktar af byggingarfulltrúanum í Reykjavík 14.6.2005. Samkvæmt byggingarlýsingu er steipt plan undir dælu og eldsneytisdæla sitja á upphækkaðri, steinsteyptri eyju. Skýli, byggt úr stáli og gleri, er yfir afgreiðslusvæðinu.

Á mynd 1 má sjá klippu af samþykktum aðaluppdrætti af því svæði sem um ræðir og mynd 2 sýnir útlit stöðvarinnar í dag. 12 metra öryggissvæði er merkt inn á teikninguna en svo virðist sem svæðið sé skilgreint út frá miðju dæluvegginnar í stað þess að vera skilgreint út frá afgreiðsludælu. Ekki er sýnt 12 metra öryggissvæði út frá útloftunarröri.



Mynd 1. Úrklippa af aðaluppdrætti stöðvarinnar. Uppdrátturinn var unnin af Teiknistofu Ingimundar Sveinssonar, dags. 7.6.2005.



Mynd 2. Sjálfsgreiðslustöðin eins og hún lítur út í dag. Bráðabrigðaskólabýgging sést fyrir aftan skýli. Mynd tekin 18.08.2017.

Fjallað er um kröfur til bensínstöðva í reglum Mannvirkjastofnunar um brunavarnir á bensínstöðvum [1] sem útgefnar voru í október 1993. Reglurnar taka m.a. á innra skipulagi bensínstöðva og leggur auk þess fram fjarlægðarkröfur einstakra hluta stöðvarinnar gagnvart öðrum mannvirkjum innan og utan lóðar. Hér er um að ræða sjálfsafgreiðslustöð sem staðsett er á lóð Kirkjustéttar 2-6, þar sem einnig er félagsmiðstöð, frístundaheimili og ýmis þjónustufyrirtæki. Sú starfsemi tengist stöðinni ekki að öðru leiti og því er litið svo á að þær byggingar teljist til „mannvirkja utan stöðvarsvæðis“ í skilningi reglna MVS [1].



Mynd 3. Staðsetning afgreiðsludælu, innælingar og útloftunarrörs. Helstu fjarlægðir skv. mælingum á staðnum.

2.1 Öryggisfjarlægðir

Afgreiðsludæla er staðsett á suðurenda dæluveyjar. Innæling á tank er staðsett í dæluveyju en útloftunarrör er leitt upp með burðarsúlu skýlisins.

Samkvæmt mælingum á staðnum er afgreiðsludælan um 13,3 metra frá félagsmiðstöðinni og um 15 metra frá bráðabrigðakennslustofum Ingunnarskóla, sem eru úr timbri. Útloftunarrör er staðsett í um 15 metra fjarlægð frá félagsmiðstöðinni en í aðeins tæplega 9 metra fjarlægð frá bráðabrigðakennslustofunum.

Að öðru leiti eru kröfur um lágmarksfjarlægðir milli mannvirkja bensínstöðvar og annarra mannvirkja uppfylltar [1]. Ekki eru gerðar sérstakar kröfur um fjarlægðir útloftunarrörs eða afgreiðsludæla að göngustígum eða lóðarmörkum.

2.2 Öryggisbúnaður

Duftslökkvitæki er í lokuðum skáp við eldsneytisdælur í samræmi við gr. 3.3 í [1].

Merkingar um bann við reykingum og meðferð opins elds eru sýndar á útloftunarröri. Merkingarnar eru í hvarfi við notendur bensínstöðvarinnar enda eiga þeir undir eðlilegum kringumstæðum ekkert erindi bak við skýlið. Úr þessu þyrfti að bæta.

2.3 Skýli bensínstöðvar


Fjallað er um skýli bensínstöðva í gr. 5.7 í reglum um brunavarnir á bensínstöðvum [1]. Þar kemur m.a. fram að útloftsrör frá geymi með eldfimum vökva í flokki I sem er í minni fjarlægð en 5m frá skýli, verður að hækka svo að það sé a.m.k. 0,5 m yfir hæsta punkti skýlis. Þar segir einnig að heimilt sé að víkja frá þessarir reglu þegar slökkviliðsstjóri metur að það sé óhætt. Í sömu grein segir einnig að ekki megi byggja skýli yfir stað sem ætlaður er tankbifreiðum til aflestunar. Eins og sjá má á mynd 4 er staðsetning inndælingar og útloftunarrörs ekki í samræmi við þessar kröfur.



Mynd 4. Inndæling og útloftunarrör.

3 Umfjöllun

Ljóst er skv. mælingum á staðnum að útloftunarrör frá eldsneytistöðum liggja of nærri bráðabrigðabyggingum Ingunnarskóla. Eins og sjá má á mynd 5 var bensínstöðin þó risin árið 2006, áður en framkvæmdir við bráðabrigðabyggingarnar hófust. Árið 2007 höfðu byggingarnar aftur á móti risið (sjá mynd 6) og hafa þær því nú staðið í um 10 ár. Samkvæmt byggingarreglugerð [2] eru engu minni kröfur gerðar til öryggis og eldvarna bygginga sem ætlaðar eru til tímabundinnar notkunar, enda teljast „lausar byggingar sem ætlaðar eru til [...] daglegar dvalar manna í fjóra mánuði eða lengur á sama stað“ til „mannvirkja“ skv. skilningi reglugerðarinnar.




Mynd 5. Loftmynd tekin árið 2006. Sýnir að bensínstöðin er risin áður en bráðabrigðabyggingar Ingunnarskólar hafa verið reistar. Mynd frá Borgarvefsjá Reykjavíkurborgar.




Mynd 6. Loftmynd tekin árið 2007. Bráðabrigðabyggingar Ingunnarskóla hafa hér verið reistar. Mynd frá Borgarvefsjá Reykjavíkurborgar.

Breytt deiliskipulag Maríubaug 1 (Ingunnarskóli) var samþykkt og gildistaka þess auglýst í B-deild Stjórnartíðinda 7. júlí 2006. Deiliskipulagsuppdrátturinn var unninn af VA Arkitektum, dags. 30.11.2004 (síðast lagfært 27.06.2006). Samkvæmt breytingaruppdrætti (sjá klippu á mynd 7) virðist öryggissvæði bensínstöðvarinnar vera dregið út frá miðri dæluveju sbr. samþykktan aðaluppdrátt bensínstöðvarinnar. Öryggissvæðið skv. uppdrættinum nær því ekki inn fyrir mörk stækkaðs byggingarreits. Eins og bent hefur verið á skal öryggissvæðið þó dregið upp annars vegar út frá afgreiðsludælum og hins vegar út frá útloftunarröri eldsneytisgeyma [1].



Mynd 7. Klippa úr tillögu að breyttu deiliskipulagi Maríubaug 1, Reykjavík. Breytingin frá fyrra samþykktu skipulagi fól í sér stækkun á byggingarreit til austurs og norðurs fyrir bráðabrigðaskólabygginu. Unnið af VA Arkitektum, útg. 30.11.2004.



Mynd 8. Samanburður á mörkum öryggissvæðis skv. aðaluppdrætti og deiliskipulagi annars vegar og skv. athugunum á staðnum hins vegar.

Á mynd 8 má sjá samanburð á mörkum öryggissvæðisins skv. aðaluppdrætti og deiliskipulagsuppdrætti annars vegar og skv. athugun á staðnum, í samræmi við [1]. Niðurstaðan er því sú að öryggissvæði bensínstöðvarinnar eins og hún var byggð nær inn á byggingarreit Mariubaus 1.

Bílum er ekki heimilt að leggja innan öryggissvæðis bensínstöðva, nema til áfyllingar. Sýna þarf hvar ekki er heimilt að leggja, merkingum á plani og á skiltum eftir atvikum.

Samkvæmt gr. 4.5 í [1] ber að skipuleggja bensínstöðvar þannig að ekki skapist óþarfa umferð um afgreiðslusvæði þeirra. Markmiðið er að skipulag bensínstöðvarinnar takmarki utanaðkomandi umferð vegfarenda. Eins og sjá má á mynd 9 er bensínstöðin staðsett á milli Ingunnarskóla og félagsmiðstöðvar. Ljóst er að umferð gangandi barna milli þessara staða er allnokkur. Skjólveggur bensínstöðvarinnar nær aðeins að skýla dæluvejgunni sjálfri að hluta og því er fátt til að takmarka umferð gangandi vegfarenda frá Ingunnarskóla um afgreiðslusvæðið á leið sinni til félagsmiðstöðvarinnar/frístundaheimilisins (sjá mynd 10). Æskilegt væri að afmarka afgreiðslusvæðið þannig að gangandi vegfarendum væri betur beint um þá gangstíga sem fyrir eru.



Mynd 9. Afstaða bensínstöðvarinnar gagnvart nærliggjandi skólabyggingum og félagsmiðstöð/frístundaheimili.



Mynd 10. Frá Ingunnarskóla liggur gönguleið milli gangstígs og gangstéttar framan við verslunarmiðstöð. Æskilegt væri að beina umferð gangandi vegfarenda um þessa gönguleið með því að takmarka aðgengi um leiðina til hægri gegn um afgreiðsluplanið.

Eins og fram kemur í 3. kafla hér að framan er frágangur útloftunarrörs ekki samkvæmt reglum Mannvirkjastofnunar [1]. Útloftunarrörið er staðsett undir skýlinu eins og sjá má á mynd 7 og því hefði það þurft að ná a.m.k. 0,5m upp fyrir hæsta punkt skýlisins.

Inndæling á eldsneytistanka stöðvarinnar er staðsett á dæluveyju og fer áfylling því fram undir skyggni. Það er í andstöðu við reglur Mannvirkjastofnunar [1]. Finna verður lausn á útfærslu skyggnis og staðsetningar inndælingar þ.a. kröfur séu uppfylltar.

Um öll þau atriði sem hér hafa verið tekin til skoðunar gildir þó skv. gr. 1.7 í [1] að Brunamálastofnun (nú Mannvirkjastofnun) hefur heimild til að leyfa aðrar lausnir en tilgreindar eru í reglunum, enda sé öryggiskröfum fullnægt að mati stofnunarinnar. EFLA hefur ekki vitneskju um að slíkar heimildir hafi verið veittar.

4 Samantekt

Aðstæður vegna bensínstöðvar eru við núverandi ástand ekki að fullu í samræmi við reglur. Til að uppfylla reglur Mannvirkjastofnunar um brunavarnir á bensínstöðvum eru lagðar til eftirfarandi úrbætur:

1. Færa þarf opnun útloftunarröra til norðausturs, fjær bráðabrigðabyggingum Ingunnarskóla. Auk þess þurfa þau að vera látin ná a.m.k. 0,5m upp fyrir efsta punkt skýlis.
2. Merkingar um bann við reykingum og meðferð opins elds verði settar upp á dælusvæðinu þannig að þær séu sýnilegar notendum stöðvarinnar.
3. Fundin verði lausn á útfærslu skyggnis og staðsetningar inndælingar þ.a. kröfur um inndælingu séu uppfylltar.
4. Reist verði girðing eða annars konar afmörkun á lóðarmörkum milli bensínstöðvarinnar og göngustígs þannig að gangandi vegfarendum verði beint frá afgreiðslusvæði bensínstöðvarinnar.
5. Merkingar sýni hvar ekki sé heimilt að leggja bílum, í kring um bensínstöð.

Hér hefur ekki verið tekin afstaða til annarra atriða fyrirspurnar borgarráðsfulltrúa en þeirra sem varða bruna- og öryggismál bensínstöðvarinnar. Leiða má þó líkur að því að lyktarmengun frá bensínstöðinni kunni að minnka með færslu útloftunarröra eldsneytisgeyma stöðvarinnar eins og hér hefur verið lagt til.

Heimildir

[1] *Reglur Mannvirkjastofnunar um brunavarnir bensínstöðva frá október 1993*. Mannvirkjastofnun, 1993.

[2] *Byggingarreglugerð : nr. 112/2012 útgefin í janúar 2012, með áorðnum breytingum síðast skv. reglugerð 666/2016*. Umhverfisstofnun.



Skóla –og frístundaráð

Reykjavík 11. maí 2015.

Efni: Kirkjustétt- bensínstöð

Vísað er til erindis skóla- og frístundaráðs dags. 21. september 2012 þar sem m.a. er óskað eftir því að skipulagsráð og umhverfis- og samgönguráð skoði möguleika á breyttri staðsetningu bensínstöðvar við Kirkjustétt 2-6 í Grafarholti í samráði við eiganda hennar. Jafnframt er óskað eftir lögfræðilegu áliti á því hvort staðsetning bensínstöðvarinnar samræmist reglum ríkis- og borgar um bensínstöðvar, t.d. reglum Brunamálastofnunnar um brunavarnir bensínstöðva og bygginga en þar segi m.a. að fjarlægð milli mannvirkja bensínstöðva og bygginga þar sem fólk vistast eða dvelur um lengri tíma, t.d. skóla skuli að lágmarki vera 12 metrar. Einnig segi að bensínstöðvar beri að skipuleggja þannig að ekki skapist óþarfa umferð um afgreiðslusvæði þeirra en tölvuverð umferð skólabarna sé um stöðina vegna nálægðar við nærliggjandi skóla og frístundastarf.

Svar:

Leyfi til að byggja sjálfsafgreiðslustöð fyrir eldsneyti með tveimur afgreiðslutækjum á lóðinni nr. 2-6 við Kirkjustétt var samþykkt á afgreiðslufundi byggingarfulltrúa í júní 2005. Breyting á deiliskipulagi fyrir bensínstöðina var grenndarkynnt á sínum tíma og bárust engar athugasemdir. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins fór yfir innsenda uppdretti, en byggingarleyfisumsóknir eru ekki samþykktar hjá embættinu hafi eldvarnareftirlitið uppi athugasemdir um brunavarnir eða önnur atriði er tengjast lögum og reglum um brunamál. Verður því að líta svo á að öllum skilyrðum hafi verið uppfyllt.

Ekki stendur til að hefja viðræður við lóðarhafa um flutning stöðvarinnar, enda ljóst að að slíkur flutningur yrði alfarið á kostnað Reykjavíkurborgar.

Umhverfis- og skipulagssvið